



Formannafundur faghópa rammaáætlunar

11. fundur, föstudaginn 5. feb. kl. 11:00 í Orkugarði.

Mætt: Svanfríður Jónasdóttir, Anna G. Sverrisdóttir, Þóra Ellen Þórhallsdóttir, og Tómas Þór Tómasson sem skrifaði fundargerð. Gestur fundarins var Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar og meðlimur í verkefnisstjórn.

Fundarfrásögn

1. **Skil á niðurstöðum faghóps fyrir umsagnarferli.** Fram kom að mjög mikilvægt er að staðið verði við skilafrest ráðuneytisins og leggja tilbúið efni vegna umsagnarferlis fram fyrir mánaðarmót. Rætt var um efni og uppsetningu skýrslu sem fylgja skal um niðurstöður faghópa í umsagnarferli. Miða skal við að hver faghópur skili 7-10 bls. umfjöllun um niðurstöður og aðferðafræði þann 17. febrúar. Þá gefst tækifæri til samhæfingar og yfirlestur. Ákveðið varað halda fund verkefnisstjórnar 22. febrúar og skal senda út drög að skýrslu fyrir fundinn svo stjórnarmönnum gefist tóm til að glöggva sig á efni skýrslunnar. Verkefnastjórn mun formlega samþykkja efni skýrslunnar á fundinum. Hins vegar mun stjórnin ekki hafa áhrif á niðurstöður faghópanna enda um afrakstur faglegrar matsvinnu sérfræðinga að ræða.
2. **Stytting umsagnarferlis.** Starfsmanni var falið að leggja til við ráðuneytið að umsagnarfrestur yrði stytur úr átta vikum í sex. Með því hefði verkefnisstjórn tíma til að gaumgæfa umsagnir og vinna að lokaröðun/flokkun virkjunarkosta.
3. **Kynningarfundir.** Iðnaðarráðuneytið hefur ákveðið að haldnir verði sex kynningarfundir um allt land á meðan á umsagnarferli stendur.: Reykjavík, Ísafirði, Akureyri (meira miðsvæðis fyrir Norðurland en Húsavík), Egilsstaðir, Kirkjubæjarklaustur og Reykjanesbær.
4. **Friðlýst svæði.** Kristín Linda kynnti tengsl friðlýstra svæða og virkjunarkosta. Hún lagði fram Íslandskort þar sem fram komu virkjunarkostir og friðlýst svæði. Jafnframt kynnti hún auglýsingar og regluramma fyrir helstu friðuðu svæðin. Í hnotskurn kom fram að friðun svæða byggðir á mjög veikum grunni gagnvart virkjunarframkvæmdum innan þeirra og eins og sakir standa koma friðlýsingar ekki í veg fyrir að ráðist verði í virkjanir innan þeirra. Niðurstaða rammaáætlunar og vernd á grundvelli hennar gagnvart raforkuvinnslu mun styrkja mjög stöðu svæðanna. Þessi veika staða kom fundarmönnum mjög á óvart og var Kristín Linda beðin um að taka saman skriflega greinargerð um stöðu friðaðra svæða gagnvart virkjunarframkvæmdum.
5. **Fundi var slitið** kl. 12:15 og **næsti formannafundur** verður haldinn 12. feb.